

127

22. júní

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Siglufjarðar, nr. 131 25. júlí 1941.

8. gr. 1. málsg. orðist svo:

Vatnsskattur skal greiddur af öllum húsum með 5% af fasteignamati húsanna. Af verksmiðjum eða húsum, þar sem fram fer atvinnurekstur, sem mikið vatn útheimtir, skal greiða 1½% af fasteignamatsverði, ef ekki er greitt sérstakt gjald fyrir þá notkun.

9. gr. orðist svo:

Af hverri tunnu grófsaltaðrar síldar greiðist 15 aurar í vatnsgjald. Af hverri tunnu sérverkaðrar síldar greiðist 30 aurar. Af hverri tunnu flakaðrar síldar greiðist 75 aurar. Af hverjum 100 kg af söltuðum, frystum eða isuðum fiski greiðist 10 aurar. Af hverri tunnu af söltuðum flökuðum fiski greiðist 20 aurar. Af hverjum 100 kg af hraðfrystum fiskflökum greiðist 40 aurar og frystri síld 75 aurar af hverri tunnu.

Vatnsskattsskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrr en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkv. 16. og 18. gr. reglugerðarinnar, ef út af bregður.

10. gr. orðist svo:

Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, svo sem síldarverksmiðjur, getur bæjarstjóri ákveðið að selja því vatn um mæli, og kostar þá smálestin 45 aura. Sem lágmarksgjald ber verksmiðjunum að greiða kr. 1200 fyrir hverja 1000 mála vélasamstæðu, sem verksmiðjurnar geta annað og tengdar eru við vatnsæð veitunnar.

Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, ber viðkomandi notanda að útvega sér mæli og annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi að fá sér mæli eða annast viðhald hans, skal vatnsgjald til síldarverksmiðja vera 8 aurar fyrir hvert mál síldar, er verksmiðjurnar hafa tekið á móti til bræðslu. Ef vatnsnotandi óskar þess, skal vatnsveitan kaupa fyrir hann vatnsmæli.

12. gr. orðist svo:

Fyrir vatn til skipa skal gjalda 15 kr. fyrir eina smalest eða hluta úr smalest. Ef um vatnskaup í stórum stíl er að ræða, er bæjarstjóra heimilt að veita afslátt, þó aldrei meira en 25%.

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

14. gr. orðist svo:

Heimilt er bæjarstjórn fyrir eitt ár í senn að hækka vatnsskattinn um allt að 100% eða lækka um allt að 50%.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög um aðstoð til vatnsveitna nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 127  
auglýsingum nr. 115 30. júní 1947, nr. 148 27. ágúst 1945 og nr. 188 25. sept. 1945. 22. júní

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1950.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

128

27. júní

um breyting á símskeytagjöldum til landa utan Evrópu.

Samkvæmt ákvæðum alþjóða-ritsímareglugerðarinnar, sem gerð var í París 1949, og gengur í gildi 1. júlí 1950, lækka símskeytagjöld milli Íslands og landa utan Evrópu frá 1. júlí 1950 um 25% og verða sem hér segir fyrir almenn skeyti:

### Norður-Ameríka:

Bandaríkin:	Gjald fyrir orðið:
New York City, Lake Success (N. Y.) .....	kr. 6.15
Allar aðrar stöðvar .....	— 7.40
Canada .....	— 6.60

### Suður-Ameríka:

Argentína .....	— 12.55
Brazilía .....	— 11.80

Gjöld fyrir símskeyti til annarra landa utan Evrópu breytast í sama hlutfalli.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar falla niður frá sama tíma LC, NLT og CDE skeyti og verða því öll skeyti frá Íslandi til landa utan Evrópu frá og með 1. júlí 1950 að telja reiknuð með hinu nýja gjaldi.

*Póst- og símamálastjórnin, 27. júní 1950.*

**Guðmundur Hlíðdal.**

*Einar Pálsson.*

## SAMÞYKKT

129

27. júní

um lokunartíma sölubúða í Blönduóskaupþúni.

### 1. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis, og ekki opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu frá þessu vera þær undantekningar, er hér greinir: Aðfangadag jóla og gamlársdag skal loka sölubúðum eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Á tímabilinu 15. maí til 15. september skal lokunartími á laugardögum vera kl. 12 á hádegis. Annan tíma árs skal lokunartími á laugardögum vera kl. 4 síðd. Næsta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til miðnættis.